

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



|                            |                       |                         |                             |
|----------------------------|-----------------------|-------------------------|-----------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 20.9.2012             | <b>Fulltrúi UST</b>     | Valur Klemensson            |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Sorpurðun Vesturlands | <b>Fulltrúi UST</b>     | Gunnlaug H. Einarsdóttir    |
| <b>Heimili</b>             | Bjarnabraut 8         | <b>Tegund eftirlits</b> | Reglubundið seinna eftirlit |
| <b>Kennitala</b>           | 5306972829            | <b>Flokkur</b>          | Úrgangur og efnamóttaka     |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Hrefna B. Jónsdóttir  | <b>ÍSAT nr.</b>         | 38.21.0                     |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Þorsteinn Eypórsson   | <b>Staðsetning</b>      | 349951,516 469714,37        |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfesti í eftirliti, þar sem starfsleyfi rekstraraðila er útrunnið. Umsókn um undanþágu frá starfsleyfi hefur verið send til umhverfisstofnunar. Einnig hefur rekstraraðili sent inn umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og hefur sú umsókn verið samþykkt og er í vinnslu. Eitt frávik er ófragengið frá síðasta eftirliti í apríl á þessu ári og hefur ekkert verið gert til að koma í veg fyrir að vatn safnist í urðunarrein fyrir asbest.

## UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var samráðsfundur með rekstraraðilum. Gerð var sérstök fundargerð um samráðsfundinn. Mál er varða botnpéttingu voru rædd en búið er að skila inn gögnum til Umhverfisstofnunar er varða jarðfræðilegan tálma og botnpéttingar ásamt umsókn um nýtt starfsleyfi. Farið var yfir mæligögn síðustu ára og voru mælingar innan marka. Grænu bókhaldi fyrir árið 2011 hafði verið skilað.

Fram kom að frávik frá síðasta eftirliti er varðar vatnssöfnun í asbestgryfju hefur ekki verið leyst en til stendur að grafa skurð úr gryfjunni. Samkvæmt bréfi með síðust eftirlitsskýrslu átti rekstraraðil að senda inn áætlun um úrbætur til stofnunarinnar fyrir 1. ágúst s.l. Áætlunin hefur ekki borist. Gengið var um urðunarstaðinn og aðstaða og umgengni skoðuð með Hrefnu B. Jónsdóttur og Þorsteini Eypórssyni. Ný rein sem tekin var í notkun í sumar var skoðuð ásamt girðingum um svæðið sem eru fullnægjandi. Einnig var aðstaða til gasmælinga á eldri hluta urðunarstaðarins skoðuð.

Þegar eftirlit fór fram var urðunarstaðurinn ekki með gilt starfsleyfi né samþykktu undanþágu frá starfsleyfi. Eldra starfsleyfi féll úr gildi 14. ágúst 2012, en Sorpurðun Vesturlands sótti um undanþágu til umhverfisstofnunar 10. ágúst 2012. Þann 2. október s.l. veitti umhverfis- og auðlindaráðuneyti Sorpurðun Vesturlands undanþágu frá starfsleyfi, með tilteknum skilyrðum, þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Umhverfisstofnun mun ekki aðhafast neitt frekar varðandi þetta frávik.

### Frávik frá

Frávik frá 5 gr. í reglugerð 238/2003 um urðun úrgangs en samkvæmt henni er urðun úrgangs starfsleyfisskyld starfsemi.

### Lýsing á fráviki

Starfsleyfi rekstraraðila er útrunnið en umsókn um undanþágu frá starfsleyfi hefur verið send til umhverfisstofnunar. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hefur veitt undanþágu frá og með 2. október 2012 þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út.

Öðrum lið, viðauka I í reglugerð 238/2003 um urðun úrgangs og grein 3.3. í viðauka I. en samkvæmt þeim skal koma í veg fyrir að vatn berist í og safnist fyrir í urðunarreinum.

Talsvert vatn hefur safnast í urðunargryfju fyrir asbest. Sjá þarf til þess að vatn safnist ekki fyrir í urðunargryfjum. Rekstraraðili sagði að frárenniskerfi væri í gryfjunni en svo virtist sem það hefði stíflast. Stofnuninni hefur ekki borist áætlun um úrbætur.

## ATHUGASEMDIR

Hauggassöfnun er ekki hafin á urðunarstaðnum að Fíflholtum en rekstraraðili hefur frest til 15. febrúar 2013 til að gera grein fyrir hvernig tilhögun á urðunarstaðnum verður háttáð hvað varðar urðun á lífrænum úrgangi.

## ANNAÐ

Rætt var um útstreymisbókhald, en skv. reglugerð nr990/2008, um útstreymisbókhald eiga urðunarstaðir sem hafa meiru en 25.000 tonna heildarafkastagetu skila slíku bókhaldi.

Mælingar á hauggasi sbr. 3. tl. lið 2.4 í III viðauka reglugerðar 738/1999, um urðun úrgangs, er einnig ábótavant, en verður skoðað nánar í næsta eftirliti.

Reykjavík, 16.11.2012



Valur Klemensson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.